

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.
b.t. Stellu Rúnarsdóttur
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 14. október 2021
UST202109-142/A.Þ.
10.05.00

Efni: Framkvæmdaleyfi - Efnistaka úr námu á Hrunamannafrétti - Smyrilshamar

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs. er barst 15. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku úr námu E40 á Smyrilshamri, Hrunamannafrétti. Fyrirhuguð efnistaka er fyrir allt að 5.000 m³ og nýta á efnið sem uppfyllingu undir fyrirhugaðar nýbyggingar.

Friðlýsingarskilmálar

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að fyrirhuguð efnistaka er innan landslagsverndarsvæðisins Kerlingarfjalla sem var friðlýst árið 2020.

Í friðlýsingarskilmálum um svæðið segir: „Efnistaka er heimil þar sem efnistökusvæði eru skipulögð í gildandi aðalskipulagi. Efni úr námum innan verndarsvæðisins má einungis nota til viðhalds vega og slóða innan verndarsvæðisins og í vegi og slóða sem tengjast því. Jafnframt er efnistaka til uppbyggingar og viðhalds innan svæðisins heimil úr Ásgarðsá að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Efnistaka úr Ásgarðsá skal ekki hafa í för með sér varanlega röskun og sýnt skal fram á með áhrifamati að ummerki efnistökkunnar séu horfin að tveimur árum liðnum.“

Umhverfisstofnun bendir því á að efnistaka úr námum, öðrum en Ásgarðsá, er aðeins heimil til viðhalds vega og slóða.

Umhverfisstofnun getur í tvenns konar tilvikum veitt undanþágu frá ákvæðum friðlýsinga. Annars vegar ef framkvæmdin stríðir ekki verulega gegn markmiði friðlýsingarinnar og hefur óveruleg áhrif á verndargildi þeirra náttúruminja sem friðlýsingin beinist að. Hins vegar er heimilt að veita undanþágu ef öryggissjónarmið eða mjög brýnir samfélagshagsmunir krefjast þess. Til þess að undanþága á þessum grundvelli sé réttlætunleg vera að vera uppi sérstakar aðstæður og mjög mikilvægir hagsmunir. Umhverfisstofnun þarf jafnframt að leita umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands og viðkomandi náttúuverndarnefndar áður en ákvörðun um undanþágu er tekin. Umsókn um slíka undanþágu þarf síðan að fylgja greinargerð um áhrif framkvæmda.

Lög um mat á umhverfisáhrifum

Umhverfisstofnun bendir á að öll efnistaka innan verndarsvæða fellur undir B-flokk í 1. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana og er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

Axel Benediktsson
sérfræðingur